

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 39
Norður-Múlasýslu, um flutning þingstaðar.

22. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 25. maí þ. á., og beiðni hreppsnefndarinnar í Fellshreppi í Norður-Múlasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Fellahrepps verði fluttur frá Birnufelli í fundahús hreppsins að Rauðalæk, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í 40
Rangárvallasýslu, um flutning þingstaðar.

23. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 16. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Austur-Eyjafjallahreppi í Rangárvallasýslu veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess, að þingstaður Austur-Eyjafjallahrepps verði fluttur frá Rauðafelli að Hrútafelli, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til að hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

REGLUGERÐ

41

um breyting á reglugerð nr. 70, 15. maí 1935, um gerð og búnað
almenningsbifreiða.

24. júní

1. gr.

Í staðinn fyrir orðið „rúðum“ í 2. lið 1. málsgreinar 2. gr. reglugerðarinnar komi: sem flestar hliðarrúður.

Orðin „en ella aftarlega í hægri hlið“ í 2. málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar falli burt.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Í hverri bifreið skal vera slökkvitæki af þeirri gerð og stærð, er bifreiðaeftirlitið ákveður, og skal slökkvitækinu komið fyrir á þeim stað í vagninum, sem bifreiðaeftirlitið leggur fyrir og þar sem bifreiðarstjóri nær greiðlega til tækisins.